

hvað því er til fyrirstöðu, að út í stofnun hans verði lagt.

En hver er svo tilgangurinn með sjóðs-stofnuninni? Til hvers á að nota allt þetta fé? Mér þykir ekki ósennilegt, að menn verði all-ósammála um þetta atriði, en því fleiri tillögur, sem fram koma, því betra. Mér hefur dottið mærgt í hug, og mun ég hér segja frá nokkru af því.

Er 6. bekkinger fá upplestrarfrí sitt á vorin, eru þeir vanir að stíga í "Gréna", einhver önnur ökutæki og ska eitthvað út úr bænum. Gera þeir þá það, sem þeim mestur gleðskapur í þykir, og er ekkert við því að segja. En slíkar ferðir eru all-kostnaðarsamar, þar eð nokkuð munu teknar að léttast pyngjur sumra, er svo langt er komið fram á vorið, þá yrði nokkur styrkur til ferðarinnar án efa með bökkum þeginn, og engu síður af hinum, sem einhver hefðu auraráðin, því að nóg er með peningana að gera á slíkum dögum.

Ég sting upp á þessu af tveim ástæðum. Sú fyrri er að sjóðurinn má vel við einu stóru "útláti" (ca. 200 kr.) auk annara smærri, sem ég síðar mun koma að. En sú seinni er, að með þessu hlýtur sjóðurinn að koma að gagni all-flestum, sem í skólanum sitja, er hann er stofnaður og gegnum hann ganga; fá menn þannig á góðri stundu endurborgað það, sem menn hafa til hans lagt.

Ég reiknaði með 300 kr. greiðslu til þessarar ferðar. En ef reiknað er með 400 - 500 kr. árstekjum, má sjóðurinn vel við 100 - 150 kr. útgjöldum í viðbót, þar eð mér virðist nóg, að hann aukist um 100 - 150 kr. árlega. Finnst mér að stjórn sjóðsins ætti að stofna til samkeppni um ljóðasmíð, skáldsögna, ritgerða eða þýðinga, lausn ýmissa verkefna, svo sem taflbrauta, stærðfræðidæma, krossgáta o. s. frv. - og veita verðlaun fyrir. Einnig mætti verðlauna ýmsa menn, sem fram úr skera t. d. í íbróttum. Ekki ættu verðlaunin að vera mikil fjárfúlga, - þau ættu ekki að vera styrkur, heldur viðurkenning - þetta myndi verða til þess að vekja áhuga á ýmsum hollum og gagnlegum andlegum og líkamlegum íbróttum, sem engan veginn virðist of mikill hjá okkur nemendum.

Sumir vilja nú ef til vill hugsa til slíkra stórræða sem skálabyggingar upp til sveita. Slíkt væri vel athugandi, en auðvitað yrði þá að stöðva hinar greiðslurnar að miklu eða öllu leyti.

Ýmislegt fleira mætti nefna, sem til greina gæti komið, þótt ekki verði það gert hér, enda

er nóg hægt við peningana að gera. En auðvitað er það hlutverk skólanefndar að ákveða hvað við þá verður gert, ef til kemur.

Frír menn ættu að skipa stjórn sjóðsins og ætti insp. scholæe að vera einn þeirra. Ættu þeir og að hafa eftirlit með rekstri þeirra fyrirtækja, sem sjóðurinn hefur tekjur sínar af.

Lest ég þetta nægje um málið að sinni, enda vona ég, að allir, sem þessar línur lesa skilji hvernig ég hugsa mér slíkum sjóði fyrir komið. En sá var einn tilgangur þessarar greinar, að kynna nem. hugmyndina, svo að þeir geti myndað sér skoðun um hana, ef til kasta skólafundar kæmi að ákveða, hvort út í þetta skyldi lagt. Ég vona að það verði gert, og ég skora á nemendur að veita þessu brautargengi.

27. dez. 1934.

G. P. G.

G R Á N I.

Eins og kunnugt er, þá eru skíðaferðir og fjallgöngur mjög vinsælar íbróttir í skólanum, um þessar mundir.

Það er eðlilegt að menn brái það við og við, að fá leyfi til að sleppa úr reyknum hér í bænum, og fara upp um fjöll og firnindi. Það er hressandi að velta sér í hreinum vetrar-snjónum, þjóta niður brekkurnar og erfiða upp á næstu hæð. Það eykur viljaþróttinn og lífs-fjörið að ná torsóttum tindum. Það hefur ótrúlega varanleg áhrif að njóta hinnar fögru íslensku fjallanáttúru að vetrardegi, þótt ekki sé nema einn dag. Sjóndeildarhringurinn víkkar og hugurinn dreifir sér - og meður tekur algjörðum stakkaskiptum.

Nauðsynlegast er það fyrir námsfólk að fá slíka upplýftingu. Sifeldar innisetur og tilbreytingaleysi hefir lamandi áhrif á námfýsi og skarpskygni. Líkaminn verður kulvís og næmur fyrir hverskyns loftbreytingum, og meður sekkur niður í hið alþekktu mók væðar og framtaksleysis.

Sem betur fer hafa fjallaferðir verið iðkaðar með nokkrum áhuga síðastliðna vetur hér í skólanum. Og yfirleitt má segja að áhugi sé góður hjá Reykvíkingum á þessu sviði, þótt betur mætti vera. Skíðafélag Reykjavíkur hefur átt drjúgan þátt í því að glæða áhuga manna fyrir skíðaferðum, og staðið fyrir þeim. En þar er sá hængur á, að þeir sem taka þátt í

förinni verða að kaupa bíl, til þess að flytja sig upp á heiðar. Mér er kunnugt um, að slíkar ferðir geta orðið stór útgjalda- liður, ef þær eru oft farnar, og hafa skóla- nemendur þá lítil ráð á að vera með, þótt þá langi til. Við, hér í Menntaskólanum, höfum hæft betri aðstöðu en flestir aðrir, til þess að skreppa upp á heiðar. Hann "Gráni" gamli hefur oft stunið þungan á leiðinni upp á Hellisheiðina, þegar hann hefur verið yf- irfylltur af nemendum hér úr skólanum. Þau eru óteljandi sporin, sem hann hefur tekið af nemendum skólans. Menn minnst þeirrar stundar með ánægju, sem þeir hafa eytt í "bodyinu" hans. Hristingurinn og þrengslin voru bara til betra eins. Hann hefur alltaf verið athvarfið, þegar nemendur hefir langað eitthvað út úr bænum - Þótt "Gráni" gamli sé ekki merkilegur peningur, þá getum við ekki almennilega hugsað okkur að missa hann", sagði rektor í ræðu nú fyrir skömmu. En nú er svo komið, að hann hlýtur að eiga skammt eftir ólifað. Kennararnir, sem aka honum, kvarta mikið undan því að honum hafi farið stórlega aftur upp á síðkastið. Aldurinn er farinn að farast yfir hann, sem von er. Það er aðeins "tímaspursmál" hvenær og hvar hann gefur upp öndina greyð. Máskæ á miðri brekku, og þá tekur hann ef til vill fleiri með sér í gröfina.

Hvað verður þá um skíðaferðirnar okkar og sumarferðirnar. Etlí nemendum bregði ekki við, að þurfa að ganga, eða þá að kaupa sér bíl, ef þeir atla í skíðaferðir upp á heiði. Hlut- verk "Grána" getur enginn tekið að sér nema annar bíll, og hann ekki af ónýtara tæginu. Það leika sem sé ekki allir eftir að fara með nær tvöfalt aki af skíðamönnum, í mestu ófarð, upp á Hellisheiði. - Nei, í spor "Grána" kemst enginn skjóður. -

Það er satt, að þegar við athugum vel, þá sjáum við, að við getum ekki án "Grána" verið. Hann hefur verið það þarfur stuðningur íbróttamálum skólans, hann hefur veitt nem- endum það marga ánægjustundina, að ekki dugar að láta hann hverfa úr sögunni, nema að annar komi í staðinn.

Það var ekki ætlun mín að halda hér lík- ræðu yfir "Grána" gamla, því til hennar þarf betur að vanda, heldur minna nemendur á, að það bezta sem við getum gert til þess að heiðra minningu þessa gamla vinar okkar er að útvega honum myndarlegan eftirmann.

Það er mál til athugunar áhugasömum íbrótta- mönnum, og öðrum þeim er "Gráni" gamli hefir

hjálpað, hvernig hægt sé, sem fyrst, að útvega hentugan bíl henda skólanum í hans stað.

Sig. Ólafsson.

KONURNAR MÍNAR.

Sagt er að konan sé undirrót alls, sem illt er á þessari jörð.
Og jafnvel þótt mannanna freisti hún til falls,
mér finnst þessi ásökun hörð.

Því konunnar upphaf er karlmannsins bein og karlmannsins sökin er því.
Karlmannsins sök er þá mannkynsins mein, ja, mætti ég nú biðja um frí.

Og konurnar elska ég eins fyrir því
- undanskil fáeinar þó:
Þær gömlu, þær ljótu og læstanna þý
og legg þær til hliðar í ró.

En meyjarnar ungu, þær elska ég heitt
- ekki út af lífinu þó
og ástin mín kostar mig alls ekki neitt,
hún er eins og stökkvandi fló.

Ég elska þær heitar en hægt er að tjá,
heitar en stjórnur og sól
Ég býð þeim í hrifningu allt sem ég á:
ást mína' og "gleðileg jól".

Og þiggi ein frökenin fórnina af mér
ég fylgi' henni beint heim til sín;
ég kveð hana á tröppunum, kuldinn mig sker,
í kvöld er hún vafalaust mín.

Dagarnir líða þá lit ég í blöð
- og les þar að stelpan sé gift.
- Nú man ég það aftur, já mikið er það
hve misjafnter gæðunum skipt.

Og þarna er hún fokin veraldar veg
já víst er hún laglega sett.
Aumingja maðurinn! - Ekki sæmt ég -
Og ástin mín tekur á sprett.

Ég sjálfur.